

318 - stjórnarfundur 11. apríl 2019

Fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar og varastjórnar Landsambands eldri borgara, haldinn í húsakynnum Félags eldri borgara í Reykjavík, kl 12.30 þann 11. apríl 2019.

Mættir: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, endurkjörinn formaður, Haukur Halldórsson, Ellert B. Schram, Valgerður Sigurðardóttir, Ingólfur Hrólfsón, Ólafur Örn Ingólfsson og Dagbjört Höskuldsdóttir. Á fundinn vantaði Drífu Sigfúsdóttir.

1. Þórunn setti fundinn og bað fundarmenn að kynna sig. Dagskrá var óformleg en fyrir lá að stjórnin skipti með sér verkum. Þórunn stakk uppá að Haukur Halldórsson yrði varaformaður og var það samþykkt smhljóða. Haukur stakk svo uppá að Valgerður Sigurðardóttir yrði gjaldkeri og Dagbjört Höskuldsdóttir ritari. Var það einnig samþykkt samhljóða.

2. Þórunn og Haukur útskýrðu verklag, dagskrártillögur og fyrirkomulag funda. Skipa þarf niður reglulegum fundum og verður það gert á næsta fundi stjórnarinnar, sem verður haldinn 30. apríl í húsakynnum LEB kl 10.00. Rætt smávegis um þá aðstoð sem er núna á skrifstofu LEB.

3. Þórunn minntist svo á að miklu skipti gott samstarf innan stjórnarinnar og jákvæðni. Fleira ekki gert og Þórunn sleit fundi.

Dagbjört Höskuldsdóttir, ritari.